


# Ársskýrsla 2003



Eins og meðfylgjandi tafla sýnir eru umsvif Héraðsskjalasafns Mosfellsbæjar smám saman að aukast og afhendingum á ári fjölga jafnt og þétt. Á árinu bættist í safnið ýmis merk gögn.

Má þar á meðal nefna stóra afhendingu úr hendi Vals Þorvaldssonar ráðunautar hjá Búnaðarsambandi Kjalarnesþings. Voru það gögn frá Búnaðarsambandinu og Búnaðarfélagi Mosfellshrepps allt frá árinu 1898. s.s. fundargerðabækur, sjóðsbækur o.fl.

Einnig var skjalasafninu afhentar í byrjun ársins hreppsækur, bréfabækur og fleiri bækur frá Þjóðskjalasafni er varða Mosfellshrepp. Það var mikill fengur af þeirri afhendingu ekki síst þar sem enn stendur yfir ritun á sögu Mosfellsbæjar og er þetta mikil heimild í

Þeirri sögu. Þjóðskjalasafn Íslands hefur nú hafið tilraunaverkefni að taka stafrænar myndir af kirkjubókum Mosfellshrepps.

Undirrituð fékk leyfi til að sitja einn kúrs í Háskóla Íslands sem heitir Skjalasöfn og skjalavarsla. Sá kúrs var kenndur af Kristjönu Kristinsdóttur starfsmanni á Þjóðskjalasafni Íslands. Var það mjög fróðlegt.

Héraðsskjalavörður starfaði ásamt 4 öðrum að undirbúningi Norræns skjaladags sem haldinn var þann 8. nóvember s.l. Nefndin hittist reglulega og skipulagði markvisst skjaladaginn. Hannað var veggspjald, vefur (skjaladagur.is), götuspjöld og margt fleira.

Í nefndinni sátu: Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður, Eiríkur G. Guðmundsson og Jón Torfason frá Þjóðskjalasafni, Jóna Guðbjörg Torfadóttir héraðsskjalavörður í Borgarnesi og undirrituð.

Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar fór í samstarf með 6. bekkjum í Lágafellsskóla í tilefni skjaladagsins. Börnin völdu sér greinar úr gömlum afmælisritum Ungmennafélagsins Aftureldingar og unnu vefsíðu með textanum og gömlum myndum. Eitt verkefni var síðan valið til að birtast á skjaladagur.is en hin eru undir mos.is/héraðskjalasafn. Öllum þátttakendum voru færðir skrúfblýantar fyrir samstarfið.

Ekki hefur verið ákveðið hvort sameiginlegt þema verði fyrir allt Ísland á næsta skjaladegi eða hvort söfnunum verði gefnar frjálssar hendur varðandi daginn.

Hinn árlegi fundur héraðsskjalavarða ásamt Þjóðskjalaverði var haldinn á Þjóðskjalasafni Íslands 19. maí. Þar kynnti undirbúningsnefnd um Norrænan skjaladag þá vinnu sem þá var hafin. Einnig var mikið lagt upp úr eftirliti með skjalasöfnum embætta.

Þann 6.– 9. ágúst var Norrænt skjalavarðaðing haldið á Hótel Nordica í Reykjavík. Þar fluttu ýmsir skjalaverðir frá Norðurlöndunum fyrirlestra. Þjóðskjalasafn Íslands og Borgarskjalasafn voru einnig með móttökur fyrir ráðstefnugesti. Ráðstefnunni lauk með hátíðarkvöldverði á Brodway.

Ritun á sögu Mosfellsbæjar (sveitar) stendur yfir og hafa söguritararnir þeir Bjarki Bjarnason og Magnús Guðmundsson haft ágætis aðstöðu á skjalasafninu. Fengin voru að láni einkaskjöl Björns Bjarnarsonar í Grafarholti og fundargerðabækur Kvenfélags Lágafellssóknar að því tilefni. Héraðsskjalavörður hefur hug á að fá bækur Björns afritaðar til eignar á safninu, þar sem bækur hans eru að miklu leyti endurminningar úr Mosfellssveit og lýsa vel lífi og störfum Mosfellinga hér áður fyrr.

Í tengslum við ritun á sögu bæjarins hefur Bjarki Bjarnason fengið töluvert að láni af myndum hjá eldri Mosfellingum. Héraðsskjalavörður hefur síðan skannað þessar myndir. Eigendur myndanna hafa svo komið á safnið og borðið kennsl á efni myndanna. Sú skráning er varðveitt í myndaforríti sem heitir Anokee. Til stendur að hægt verði að nota eitthvað af þessum myndum í bókina.

Gert er ráð fyrir að rituninni ljúki sumarið 2004 og mun bókin líklega koma út í lok árs 2004 eða byrjun árs 2005.

Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar

Janúar 2004.

Sólveig Magnúsdóttir

héraðsskjalavörður

## Aðfangaskrá 2003

Nr.	Innihald	Afhendingaraðili	Dagsetning
01	Gögn frá Sögufélagi Kjalarnesþings, mappa með ýmsum gögnum s.s. bréfum, félagatali o.fl. og mappa með bókhaldsgögnum.	Bjarki Bjarnason formaður félagsins	3. janúar 2003.
02	Ein mappa með göngnum er varða Kristnihátíðarnefnd í Mosfellsbæ.	Magnús Guðmundsson	15. janúar 2003
03	Gögn frá Búnaðarsambandi Kjalarnesþings, fundargerðabækur, aðalbækur, sjóðbækur, nokkrar ljósmyndir og örlítið af bréfum.	Valur Þorvaldsson ráðunautur	23. janúar 2003.
04	Gögn frá Búnaðarfélagi Mosfellshrepps. Fundargerðabækur, möppur með gömlum bókhaldsgögnum, sjóðbók og jarðabók.	Valur Þorvaldsson ráðunautur	23. janúar 2003.

- |    |   |                                      |                   |
|----|---|--------------------------------------|-------------------|
| 05 | Alls 4 myndaalbúm úr eigu Ásgeirs Ó. Einarssonar héraðsdýralæknis. Íþróttalíf og útivist. Eitt albúm frá Ólimpíuleikunum í Berlín 1936. | Bjarki Bjarnason                     | 29. janúar 2003   |
| 06 | Ýmis gögn er varða lóðauðhlutun, útboð í tölvukerfi, fjárhagsáætlun 2001 og starfsáætlanir sviða árið 2000. Alls 6 öskjur.              | Svanhildur Þorkelsdóttir             | 7. febrúar 2003.  |
| 07 | Gögn frá Tæknideild er varða lóðauðhlutun í desember árið 2000. Alls 5 möppur.  | Svanhildur Þorkelsdóttir             | 7. febrúar 2003   |
| 08 | Ein blaðsíða úr tímaritinu Nýtt kvennablað með kvæði eftir Jórunni Halldórsdóttur Bringum sem heitir Helgufoss.                         | Herdís Gunnlaugsdóttir frá Helgadal. | 12. febrúar 2003. |

- |    |  |  |                   |
|----|--|--|-------------------|
| 09 | Tvær ljósmyndir frá byrjun 20. aldar úr eigu Steinars Guðmundssonar frá Minna-Mosfelli.  | Gísli Snorrason                            | 18. febrúar 2003. |
| 10 | Dagrenningur skrifaður upp í fundargerðabók.   | Helga Jónsdóttir á Bókasafni Mosfellsbæjar | 18. febrúar 2003. |
| 11 | Loftmynd af Reykjahverfi á 8. áratugnum. Tvær ljósmyndir sem teknar voru 1973 eða 1974 við undirritun samnings um byggingu Gagnfræðaskóla Mosfellsbæjar. |  | 18. febrúar 2003. |
| 12 | Tvær örnefnalýsingar; önnur örnefnalýsing Varmár hin örnefnalýsing Lágafells. Bréf frá höfundu til Jóns á Reykjum fylgdi.                                | Helga Jónsdóttir Bókasafni Mosfellsbæjar   | 18. febrúar 2003. |

- |    |  |  |                   |
|----|--|--|-------------------|
| 13 | Skipulagskort af Mosfellssveit síðan 1966.   | Helga Jónsdóttir                           | 18. febrúar 2003  |
| 14 | Blað er varðar gullbrúðkaup hjóna Gísla Guðmundssonar og Sesselju Kortsdóttur. Blað um innlögn á fjármunum hjá G. Zoega og co. og slittrur af umslagi stílað á Gísla Gíslason Kiðafelli. Einnig ljósrit með rithönd séra Ragnars Fjalars Lárussonar. Gögnin fundust inn í Vídalíns postilu sem Ragnar fékk að gjöf frá Albert. | Albert Sigurður Rútsson                    | 20. febrúar 2003. |
| 15 | Hreppstjórasiðnet úr eigu Kristjáns Þorkelssonar í Álfsnesi sem var hreppstjóri.   | Kristján S. Birgisson, Hrauntungu 41, Kóp. | 25. febrúar 2003  |



- |    |  |   |                |
|----|--|---|----------------|
| 16 | Tvær fundargerðabækur frá Veiði- og fiskiræktunarfélaginu Leirvogsá.   | Guðmundur Magnússon<br>Leirvogstungu        | 10. mars 2003. |
| 17 | Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar hefur fengið afhent gömul skjöl frá Þjóðskjalasafni Íslands er varða Mosfellshrepp. Þar er um að ræða fundargerðabækur hreppstjóra og síðar hreppsnefnda frá 19. öld og byrjun 20., tíundareikninga, uppboðsbók, bréfabækur o.fl. | Björk<br>Ingimundardóttir                   | Febrúar 2003   |
| 18 | 11 skipulagsuppdrættir á frauðbakgrunni. 2 gamlir uppdrættir af Mosfellssveit annað frá 1941, hitt frá 1909. Einnig tveir bunkar af loftmyndum af Mosfellssveit.   | Ásbjörn<br>Þorvarðarson<br>byggingafulltrúi | 19. mars 2003. |

- |    |  |   |               |
|----|--|---|---------------|
| 19 | Tvær öskjur nr. 42 og 43 frá bæjarstjóra.  | Svanhildur Þorkelsdóttir                        | 30. mars 2003 |
| 20 | Kort af Mosfellssveit og loftmyndir. Ásamt prentuðu dreifiefni er varðar Mosfellsbæ.   | Helga Jónsdóttir.<br>Bókasafni<br>Mosfellsbæjar | mars 2003     |
| 21 | Vinnuseðlar Leifs Loftssonar.  | Helga Jónsdóttir.<br>Bókasafni                  | mars 2003     |
| 22 | Myndbandsspóla frá Pétri Sigurjónssyni auk bréfs sem hann sendi bæjarstjóra 17.11.1997. Myndin var 16mm kvikmynd sem tekin var á Álafossi 11. mars 1949. | Svanhildur                                      | mars 2003     |
| 23 | Tvær svarthvítar ljósmyndir frá leiksýningu í Hlégarði.  | UMFA  | 2. apríl 2003 |
| 24 | Ýmis gögn frá Samstarfsnefnd um málefni aldraðra í Mosfellslæknishéraði.   | Svanhildur Þorkelsdóttir                        | 2. apríl 2003 |

Bréf, fundargerðabók  
og gestabók.

- |    |  |   |                |
|----|--|---|----------------|
| 25 | Tvær öskjur frá<br>Þjóðskjalasafni Íslands.<br>Bréf til hreppstjóra frá<br>sýslumanni 1859-1902.<br>Ýmis hreppsskjöl<br>1857-1890.   | Björk<br>Ingimundard.<br>Þjóðskjalasafni<br>Íslands | 7. apríl 2003. |
| 26 | Veiðidagbækur frá<br>Veiðifélaginu<br>Leirvogsá.   | Guðmundur<br>Magnússon<br>Leirvogstungu             | 9. apríl 2003  |
| 27 | CD diskur með<br>myndum frá ýmsum<br>uppákomum í<br>Mosfellsbæ. Einnig<br>Kodak diskur við<br>Kodakvélina. Auk<br>þess 5 bunkar af<br>litmyndum frá<br>uppákomum í<br>Mosfellsbæ. Sumt af<br>myndum tekið af<br>Lárusi Karli og Braga<br>Þór ljósmyndurum. |   | 11. apríl 2003 |

- |    |   |                        |               |
|----|---|------------------------|---------------|
| 28 | Ein mappa með ýmsum gögnum úr fórum Guðmundar Jónssonar Reykjum. Einnig ýmis skjöl er varða Mosfellshrepp úr fórum Jóns M. Guðmundssonar Reykjum.                                   | Helga Jónsdóttir       | 14. maí 2003  |
| 29 | U.þ.b. 7 hillumetrar af gögnum frá húsnæðisfulltrúa.  | Ingunn<br>Árnadóttir   | 5. júní 2003  |
| 30 | Gögn frá afgreiðslu á 1. hæð Kjarna. Varða flutningstilkynningar innan lands.   | Pétur Lockton          | 5. júní 2003. |
| 31 | Gögn frá Birgi D. Sveinssyni. Ljósmyndir sem Ragnar Lárusson tók við vígslu Mosfellskrikju 1965 og frá 17. júní 1966. Einnig myndir af Gísla Jónssyni frá Vatni sem teknar voru við | Birgir D.<br>Sveinsson | 8. júlí 2003. |

Leirvogstungu af  
Magnúsi  
Guðmundssyni frá  
Leirvogstungu.

- |    |  |   |                 |
|----|--|---|-----------------|
| 32 | Ljósrit o.fl. er varðar<br>Álafoskvosina. 8<br>kasettur sem innihalda<br>viðtöl við eldra fólk í<br>Mosfellsbæ. Viðtölin<br>voru tekin af Magnúsi<br>Guðmundssyni. | Helga Jónsdóttir                                  | 12. ágúst 2003. |
| 33 | Ýmis ljósrituð gögn úr<br>sóknarmannatali,<br>kirkjubókum o.fl. er<br>varða Stefán<br>Þorláksson.  | Helga Jónsdóttir<br>f.h. Jóns M.<br>Guðmundssonar | 12. ágúst 2003. |
| 34 | Ljósrituð grein úr<br>Morgunblaðinu frá 24.<br>des. 1954, líkræða yfir<br>Birni Þorlákssyni<br>eiganda<br>Álafossverksmiðjunnar<br>o.fl.                           | Haukur Nielsson<br>Helgafelli                     | 12. ágúst 2003. |
| 35 | 15 bréfabindi frá<br>Varmárskóla - Eldri<br>deild. Bréf til og frá   | Helena ritari                                     | 18. ágúst 2003. |

skóla, vinnuskýrslur,  
verksamningar o.fl.

- |    |  |  |                       |
|----|--|--|-----------------------|
| 36 | Tvær vídeospólur.<br>1. Jarðarför Halldórs<br>Kiljans Laxness.<br>2. Fyrsta skólustunga<br>og<br>byrjunarframkvæmdir<br>íþróttamiðstöðvarinnar<br>að Varmá ca. 30<br>mínútur.                                  | Helga Jónsdóttir<br>á Bókasafni<br>Mosfellsbæjar | 3. september<br>2003. |
| 37 | Dagbók Guðmundar<br>Jónssonar skipstjóra og<br>bónda á Reykjum,<br>Mosfellssveit. Rauð<br>bók í stóru broti, merkt<br>sem 1. bók. Einnig<br>meðfylgjandi uppskrift<br>af bókinni unnið af<br>Helgu Jónsdóttur. | Helga Jónsdóttir<br>á Bókasafni<br>Mosfellsbæjar | 2. október 2003.      |
| 38 | Skólablaðið Askur (tvö<br>blöð) frá 1965 og 1968.  | Helga Jónsdóttir<br>á Bókasafni<br>Mosfellsbæjar | 16. október<br>2003.  |
| 39 | Tvær kassettur. Önnur<br>með viðtali við Ólaf  | Birgir D.<br>Sveinsson.                          | 16. október<br>2003.  |

- Pétursson, Grím  
Norðdahl og Magnús  
Lárusson. Til eignar.  
Hin er með viðtölum  
við Guðmund í  
Seljabrekku, Pálmar og  
Tómas og Guðmund  
Magnússon. Þarf að  
taka afrit.
- 40 2 myndbönd. Annað Jón M. 25. nóvember  
með 5 átta millimetra Guðmundsson 2003.  
kvikmyndaspólum  
Reykjum  
teknum 1976-1977 í  
Mosfellssveit. Hin er  
frá því þegar Kekkonen  
Finnlandsforseti kom í  
Mosfellsbæ árið 1977.  
Einni fylgja með 9 átta  
millimetra frum spólur  
og ein DVM60 digital  
videocassette.
- 41 5 möppur m. ýmsum Pétur Jens 11. desember  
gögnum: Samvörður Lockton 2003.  
’97, starfslýsingum,  
fjármálastjóri.  
framkvæmdaáætlun  
2000, umsóknir um  
atvinnulóðir 1999-  
2001.

- 42 Fundargerðabók og  
ýmis önnur gögn frá  
Nefnd um  
Húsráðendaskemmtanir  
Lágafellssóknar  
(Hjónaböllin). Helga Jónsdóttir  
bókasafni 17. desember  
2003 afhent  
héraðsskjalaverði